



Upplýsingar um gátlistann

Gátlistinn er hugsaður sem tól til að aðstoða vefstjóra við samningagerð við þriðja-aðila varðandi kaup á veflausn. Í gátlistanum er að finna upplýsingar um hvað ber að hafa í huga í tengslum við upplýsingaöryggi þegar kemur að þjónustu verksala við viðkomandi stofnun.

Gátlistinn er ekki tæmandi og er eingöngu hugsaður sem tól sem vefstjórar geta leitað í þegar kemur að samningagerð.

Ekki er ætlast til að vefstjórar búi yfir þekkingu á öllum þeim atriðum sem koma fram í gátlistanum.

Gátlistinn styður við kafla 1.7. Stjórnun og rekstrarumhverfi í UT handbókinni.

Ef vefstjórar nota gátlistann er gott að setja inn athugasemdir þar sem við á og vista eintak af gátlistanum til uppflettingar.



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

UT-Vefhandbók

A.1.7. Gátlisti sem hægt er að nota við samningagerð

Útfyllt af:

Dags:

Vefsvæði / lén:

Gátlisti sem hægt er að nota við samningagerð.
Helstu atriði er snerta öryggismál í samningagerð
við þriðja aðila eru listaðir upp



Samantekt yfir atriði tengt samningagerð

Atriði

Athugasemdir

Innihald / viðmið

- Inniheldur samningur ákvæði um hvaða þjónustuviðmið vistunaraðili skal inna af hendi (Service Level Agreement)?
Þjónustuviðmið ættu að lágmarki að skilgreina með skýrum hætti hvaða þjónusta er veitt, uppítími lausnar, viðbragðstími, aðgengi að tæknimönnum og fleira.
- Inniheldur samningur helstu atriði er snerta aðgang starfsmanna þjónustuaðila að gögnum verkkaupa?
- Inniheldur samningur helstu kröfur um trúnaðarskyldu þjónustuaðila?
- Inniheldur samningur helstu kröfur um varðveislu og meðhöndlun á gögnum verkkaupa?
- Inniheldur samningur yfirlit yfir allan þann véla- og hugbúnað sem samningur við þjónustuaðila nær yfir?
- Ef utanaðkomandi aðila er veittur aðgangur að kerfum eða gögnum verkkaupa er tryggt að kröfur um trúnað og leynd séu uppfylltar?
Með utanaðkomandi aðila er t.d. átt við aðila sem ekki er starfsmaður verkaupa eða þjónustuaðila.

Eftirlit með samning

- Hefur verið gert ráð fyrir reglubundum stöðufundum með þjónustuaðila í samningi?
- Gerir samningur ráð fyrir frávikatilkynningu til verkaupa ef þjónustuviðmiðum er ekki náð?
Skilgreina ætti hvaða frávik eigi að tilkynna og hvernig skráning færi fram, slíkar frávikatilkynningar eiga að vera í samræmi við þjónustuviðmið.
- Inniheldur samningurinn ákvæði um heimild verkaupa til eftirlits með þeirri starfsemi þjónustuaðila sem samningurinn tekur til?
- Hefur verið skilgreind heimild opinberra eftirlitsaðila um aðgang að gögnum og upplýsingum verkaupa hjá þjónustuaðila?
- Hefur verið skilgreindur eigandi og ábyrgðarmaður með samningnum, sem meðal annars hefur eftirlit með því að þjónusta sé í samræmi við þjónustuviðmið?

Sérstök atriði

- Ef um sérsníði á lausn er að ræða, er höfundarréttur tryggður verkaupa?
- Hefur aðgengi að grunnkóða veflausnar verið tryggður ef verksali hættir starfssemi?
- Eru ákvæði í samningnum um að viðskiptavinir séu upplýstir um leið og öryggisgalli finnst sem notaður er í lausninni?
- Ábyrgist þjónustuaðili öryggisuppfærslur að kostnaðarlausu?
- Inniheldur samningur helstu kröfur um trúnaðarskyldu?
- Inniheldur samningur helstu kröfur um varðveislu gagna?

[Nánari upplýsingar er að finna í handbók um opinbera þjónustusamninga.](#)